

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1198

2016/EES/57/71

frá 22. júlí 2016

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Metýlisóþíasólínón er leyft sem rotvarnarefni í snyrtivörum í styrk allt að 0,01% miðað við þyngd (100 milljónarhlutar) með færslu 57 í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 2) Vísindanefndin um öryggi neytenda samþykkti álit ⁽²⁾ 12. desember 2013 um öryggi metýlisóþíasólínóns (eingöngu næming).
- 3) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi klínísk gögn bendi til þess að styrkur metýlisóþíasólínón í snyrtivörum, sem nemur 100 milljónarhlutum, sé ekki öruggur fyrir neytendur. Að því er varðar vörur sem ekki á að skola burt eftir notkun, (þ.m.t. blautþurrkur), hefur ekki verið sýnt með fullnægjandi hætti fram á hvaða styrkur metýlisóþíasólínóns er öruggur þegar um er að ræða að örva eða framkalla snertiofnæmi.
- 4) Í ljósi ofangreinds álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda er mikilvægt að fjalla um aukna tíðni ofnæmis, sem metýlisóþíasólínón kallar fram, og því ætti að banna þetta efni í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 6) Fresta ætti beitingu framangreinds banns svo iðnaðurinn fái svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á efnasamsetningum. Einkum ætti, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að veita fyrirtækjum sex mánuði til að koma vörum, sem uppfylla kröfurnar, á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar, af markaði.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. tíð. ESB L 198, 23.7.2016, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 186/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1521/13, endurskoðun 27. mars 2014.

2. gr.

Frá 12. febrúar 2017 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað og bjóða þær fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VÍÐAUKI

Í stað færslu 57 í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 komi eftirfarandi:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efnis				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnahetti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„57	2-metyl-2H-ísóþiasól-3-ón	Methylisothiazolinone (1)	2682-20-4	220-239-6	Vörur sem á að skola burt eftir notkun	0,01% ⁽¹⁾		

(1) Metylísóþiasólínón í blöndu með metýlklórísóþiasólínóni er einnig regluð í færslu 39 í V. viðauka. Færslurnar tvær titiloka hvor aðra: notkun á blöndu metýlklórísóþiasólínóns (og) metýlísóþiasólínóns er ósamrýmanleg við notkun á metýlísóþiasólínóni einu og sér í sömu vöru.